

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkt eftirfarandi deiliskipulag og umhverfisskýrslu:

*Breyting á deiliskipulagi og umhverfisskýrslu – Hverahlíðarvirkjun, sem byggir á breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss.*

Um er að ræða 2. breytingu á deiliskipulagi ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu fyrir Hverahlíðarvirkjun í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Upphaflega var deiliskipulagið fyrir Hverahlíð samþykkt 29. mars 2007 og öðlaðist gildi 15. nóvember 2007. Gildandi deiliskipulag var samþykkt 26. mars 2009 og öðlaðist gildi 20. apríl 2009. Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Ekki verður farið í sérstakar rannsóknir vegna umhverfismats heldur stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis og upplýsinga sem fram komu í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrir Hverahlíðarvirkjun sem unnin var af VSÓ ráðgjöf 2008, fyrir allt að 90 MWe jarðvarmavirkjun.

Breytingin nær til 12 liða sem koma fram á uppdrætti og í greinargerð. Fyrir utan þessar breytingar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 20. apríl 2009. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 25. júní 2014.*

**Sigurður Ósmann Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.